

25. gr.

122

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

27. des.

26. gr.

Lög þessi ganga í gildi nú þegar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 27. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

123

um gelding húsdýra.

27. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gelding húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýralæknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf eða svæfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verk-ið vel af hendi.

2. gr.

Sýslunefndir sjá um, að nægilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu og setur þeim skipunarbréf, er gefur rétt til starfa innan sýslu, en eigi annarsstaðar. Ákvæði þetta skerðir þó eigi réttindi skipaðra dýralækna.

3. gr.

Póknun fyrir verk sitt ber geldingamönnum, öðrum en dýralæknum, samkvæmt gjaldskrá, er sýslunefndir setja, hver fyrir sína sýslu.

123

27. des.

4. gr.

Húsdýr þau, er um getur í 1. gr., skal staðdeyfa eða svæfa áður en gelding fer fram. Til geldingar á yngri húsdýrum skal nota Burdizzo geldingatöng eða aðrar tengur af eigi lakari gerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sölu og afhending deyfingarlyfja. Hann hlutast og til um, að dýralæknar landsins gefi mönnum kost á því að læra geldingar og meðferð deyfingarlyfja.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, en framkvæmd þeirra má fresta til 1. maí 1937, að svo miklu leyti sem skortur hæfra geldingamanna gerir það nauðsynlegt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 27. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

124

31. des.

L Ö G

um bæjargjöld á Ísafirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarkaupstaðar, skal, að því leyti, sem aðrar tekjur hrökkva ekki til, fengið með því að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu, hús, bryggjur, uppfyllingar,